

Atvinnuveganefnd Alþingis
150 Reykjavík
Sent á netfangið nefndasvid@althingi.is

Reykjavík 27. október 2020

Umsögn STEFs um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna hljóðritunar á tónlist, 202. mál.

Atvinnuveganefnd sendi STEFi til umsagnar ofangreint frumarp.

Meginefni frumvarpsins er að breyta skilyrði fyrir endurgreiðslu á útgáfu hljóðritunar á þann hátt að samanlagður spilunartími hljóðrita nái 14 mínútum í stað 30 mínútna sbr. gildandi ákvæði.

STEF fagnar þessari breytingu, en með henni er komið til móts við þarfir útgefanda og listamanna í kjölfar breyttra markaðsaðstæðna og stutt betur við innlenda tónlistariðnað.

STEF vill ennfremur nota tækifærið og minnst á að mikilvægt er einnig að endurskoða endurgreiðsluhlutfallið sem í dag er 25% en þyrfti að hækka í 35% til að mynda nægilegan hvata til erlendra aðila að fara til landsins til að taka upp tónlist. Þá myndi slík hækkun á endurgreiðsluhlutfalli ennfremur hafa hvetjandi áhrif á innlenda aðila til að nýta sér þetta úrræði í meira mæli en verið hefur.

F.h. STEFs



Guðrún Björk Bjarnadóttir framkvæmdastjóri STEFs